



## 11. fundargerð Afréttarmálanefndar Gnúpverja

Árnesi, 21. febrúar 2024

Kl. 15.00

### Mætt til fundar:

Arnór Hans Þrándarson, Gylfi Sigríðarson, Helga Höeg Sigurðardóttir

Gestir á fundinum eru: Haraldur Þór Jónsson og Sýlvía Karen Heimisdóttir

Fundargerð ritaði Helga

### 1. Fjallaskálar

Haraldur leggur til að auglýsa rekstur fjallaskálanna. Sýlvía mun útbúa drög að auglýsingu og leggja fyrir afréttarmálanefnd á fundi. Helga leggur áherslu á að afréttarmálanefnd muni fá að hafa eitthvað um uppbyggingu skálanna að segja og að mikilvægt sé að hafa í huga hvort og þá hvaða áhrif það hefur ef flestir eða allir skálar á Gnúpverjaafreitti og á afréttum nágrennasveitarfélaga séu á höndum eins eða fárra aðila.

### 2. Fjallvegaskjöldur

Þurfum að sækja um í fjallvegaskjöld, Sýlvía gerir það. Það stendur til að laga veginn, grjóthreinsa og hefla, fyrir innan Kisu og inn í Tjarnarver. Einnig áframhaldandi viðhald í Skúmstungum og Starkarðsveri eftir því hversu mikið fjármagn fæst.

### 3. Fjárrekstur

Afréttarmálanefnd mun svara erindi sveitarstjórnar um fjárrekstra eftir fund með sauðfjárnendum.

### 4. Viðhald á réttum

Það þarf að sinna viðhaldi á réttunum. Afréttarmálanefnd mun finna fagmann og farið verður í að ástandsskoða í vor eða sumar.

### 5. Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu

Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu er í samráðsgátt. Sendum inn umsögn frá afréttarmálanefnd Gnúpverja.

Fundi slitið kl. 16.40

# Undirritunarsíða

Helga Höeg Sigurðardóttir

Arnór Hans Þrándarson

Gylfi Sigríðarson